

Sþ. 108. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]
um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á, að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig, að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.

Í mörgum löndum hefur verið stefnt að því síðustu áratuginu að auðvelda borgurum að geta fylgzt sem bezt með starfsemi stjórnvalda og ríkisstofnana, m. a. með því að gera þeim skylt að birta greinargerðir eða skýrslur um athafnir sínar og ákvarðanir og veita svo þeim, sem þess óska, nánari upplýsingar og aðgang að reikningum og skjölum. Allvíða hafa verið sett sérstök lög um þetta efni. Slíka löggjöf vantar að mestu leyti hér, og því er lagt til í þessari tillögu, að ríkisstjórnin láti undirbúa hana fyrir næsta þing.“